

ÁKLASINN



Ársreikningur 2017

Áklasin 521015-0120

alklasinn@nmi.is

www.alklasinn.is

+354 522 9233

Keldnaholt 8, 112 Reykjavík,

EFNISYFIRLIT

Ávarp klasastjóra _____	3
Almennt _____	3
Stjórn Áklasses _____	3
Fjárhagsleg staða _____	4
Það helsta á starfsári 2017 _____	4
Framundan _____	5
Rekstrarreikningur _____	6
Efnahagsreikningur _____	7
Sjóðstreymi _____	8
Áritun óháðs skoðunarmanns _____	9

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Almennt

Árið 2017 var þriðja starfsár Álklasans. Aðalfundur fyrir starfsár 2016 var haldinn 31. maí og var á þeim fundi samþykkt að halda siðareglum óbreyttum og sömuleiðis var engin breyting gerð á klasagjöldum. Á starfsári 2017 voru 37 fyrirtæki, stofnanir og álsprotar í Álklasanum. Á meðal klasameðlima eru verkfræðistofur, vélsmiðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, skipafélög, verktakafyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókn- og menntastofnanir, auk álveranna þriggja á Íslandi og þá er klasinn með svokallaða álsprotu aðild fyrir sprotafyrirtæki í greininni. Samþykktir og siðareglur Álklasans auk fyrri ársreikninga má nálgast á vefsíðu klasans, www.alklasinn.is.

Stjórn Álklasans

Stjórn Álklasans var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Formaður: Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, Háskólanum í Reykjavík

Varaformaður: Pétur Blöndal, Samál

Aðrir stjórnarmenn:

Ormarr Örlygsson (Alcoa Fjarðará), Jóna Árný Þórðardóttir (Austurbrú), Brynjar Bragason (Efla verkfræðistofa) Ásbjörn Skúlason (Eimskip Ísland), Kári Pálsson (Hamar), Skapti Valsson (HRV) Kristmundur Einarsson (Snókur verktakar ehf.), Brynja Silness (Kratus/Alur), Gunnar Sverrir Gunnarsson (Mannvit), Ágúst Hafberg (Norðurál), Þorsteinn Ingi Sigfússon (Nýsköpunarmiðstöð Íslands), Arthur Guðmundsson (Rio Tinto Alcan), Bryndís Skúladóttir (Samtök iðnaðarins)

Framkvæmdarstjóri Álklasans er Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir.

Fjárhagsleg staða

Fjárhagsleg staða hefur verið óbreytt frá stofnun, hefðbundin klasagjöld standa undir fastakostnaði en klasinn hefur reitt sig á styrki og stuðning frá samstarfsaðilum til þess að standa undir viðburðum og sértækum verkefnum. Ekki hefur orðið af því að klasastefna stjórnvalda sé mynduð en skv. stjórnasáttmála núverandi stjórnar er slík vinna áætluð og standa vonir til þess að slík stefna fæli í sér einhverja fjárveitingu eða styrki til að styðja við klasasamstarf sambærilegt því sem viðgengst í nágrannalöndum okkar.

Það helsta á starfsári 2017

Verkefni klasans á árinu snéru að áframhaldandi eflingu klasans og uppbygginu starfseminnar. Álsprotum heldur áfram að fjölga og eru nú sex sprotafyrirtæki með Álsprota aðild. Hefðbundin vorferð klasans var vel sótt og að þessu sinni var farið austur á Reyðarfjörð að heimsækja Alcoa og áltengd fyrirtæki þar. Þá stóð klasinn fyrir nýsköpunaráskorun í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og KPMG þar var fyrirtækjum kynnt þau tækifæri sem liggja í því að skilgreina vel þróunarhluta starfsemi sinnar og möguleika á fá skattafrádrátt þessu tengdu. Þá var í annað sinn haldið Nýsköpunarmóti Álklasans í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands. Við það tækifæri voru fyrstu hvatningarverðlaun Álklasans veitt til fjögurra háskólanemenda sem vinna nú að verkefnum tengdum áliðnaði. Um hundrað manns sóttu mótið sem að þessu sinni var haldið hjá Háskólanum í Reykjavík. Tilgangur mótsins er ein eins og fyrr að kynna árangur af rannsókn- og þróunarverkefnum og ræða tækifæri á nýjum tækifærum framþróunar og verðmætasköpunar í áliðnaði, að þessu sinni voru gestafyrirlesara frá REGAL rannsóknarklasanum í Kanada og kynntu þeir það samstarfsform sem háskóla og áliðnaðar eiga í gegnum þann vettvang. Hugmyndagátt sýndi sig að gegna mikilvægu hlutverki í samtali háskóla og iðnaðar og voru tvö af þeim fjórum hvatningarverðlaunum sem veitt voru bein tengd verkefnum þaðan. Gáttin var opnuð í fyrra og er hugsuð til þess að miðla hugmyndum milli iðnaðar og háskóla, þar getur starfsfólk og sérfræðingar í iðnaði sett fram áhugaverðar hugmyndir að verkefnum fyrir háskólanema sem eru að leita sér að hugmyndum að lokaverkefnum eða sumarverkefnum. Þá hefur Álklasinn á starfsárinu haldið áfram að styrkja samstarf við erlenda systurklasa og nýverið undirritaði Álklasinn samstarfssamning við tvo áklasa í Kanada, Aluminium Valley Society og AluQuebec, og kom einmitt sendinefnd frá áliðnaðinum í Kanada og meðal annars þessa klasa í Íslandsheimsókn í mars.

Framundan

Ljóst er að mikil gróska er í nýsköpun á sviði áliðnaðar og um þessar mundir bíða tvö íslensk nýsköpunarverkefni eftir ákvörðun umsókna í H2020 kall Evrópusambandsins, en þau náðu þeim árangri að vera valin úr hundruðum alþjóðlegra verkefna á sínu sviði til þess að kynna sína hugmynd ásamt handfylli annarra verkefna. Þetta sýnir glögg gæði og tækifæri Íslands til nýsköpunar á þessu sviði og mun klasinn halda áfram að stuðla að bættu umhverfi til rannsókna og þróunar fyrir áliðnaðinn. Þá eru uppi áform um það að áhugasöm fyrirtæki Álklasans fari í heimsókn til Kanada og kynni sér þá starfsemi sem þar er og möguleg tækifæri til samstarfs og markaðssetningar.

Reykjavík 4. Maí 2018

Framkvæmdarstjóri:

Stjórn:

REKSTRARREIKNINGUR

Rekstrarreikningur fyrir árið 2017

Tekjur:	Skýr.	2017	2016
Árgjald Álklasans.....		6.300.000	6.450.000
Árgjald Álklasans v/ stjórnarseta.....		1.089.000	1.260.000
Styrkir frá stofnunum og fyrirtækjum.....		622.000	855.492
Vaxtatekjur.....		25.369	42.664
	Tekjur alls	<u>8.036.369</u>	<u>8.608.156</u>
 Rekstrargjöld:			
Ferðakostnaður.....		267.518	371.840
Fundir og mannfagnaðir.....		71.019	228.372
Sími og Internet /		131.194	117.905
Sérfræðiþjónusta NMÍ.....		6.810.502	6.810.502
Annar kostnaður.....		14.696	50.013
	Rekstrargjöld	<u>7.294.929</u>	<u>7.578.632</u>
Niðurfærsla Viðskiptakrafna.....		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>7.294.929</u>	<u>7.578.632</u>
 Rekstrarafkoma ársins		<u><u>741.440</u></u>	<u><u>1.029.524</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir:

	Skýr	2017	2016
Handbært fé:	.		
Viðskiptakröfur.....	1	810.000	1.050.000
Handbært fé.....	2	4.492.028	4.189.516
Veltufjármunir		<u>5.302.028</u>	<u>5.239.516</u>
Eignir samtals		<u><u>5.302.028</u></u>	<u><u>5.239.516</u></u>

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé:

Eigið fé	(<u>4.972.028)</u>	(<u>4.470.588)</u>
Eigið fé	(<u>4.972.028)</u>	(<u>4.470.588)</u>

Skammtímaskuldir

Ógeiddur kostnaður.....	3	(<u>330.000)</u>	(<u>768.928)</u>
Skuldir		(<u>330.000)</u>	(<u>768.928)</u>

Eigið fé og skuldir samtals	(<u><u>5.302.028)</u></u>	(<u><u>5.239.516)</u></u>
		0		0

SJÓÐSTREYMI

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri	Skýr.	2017	2016
Hagnaður ársins		741.440	1.029.524
<i>Veltufé (Hagnaður) frá rekstri</i>		<u>741.440</u>	<u>1.029.524</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	(480.000)	0
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....		41.072	(3.203.865)
<i>Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum</i>	(438.928)	(3.203.865)
<i>Handbært fé frá rekstri</i>		<u>302.512</u>	<u>(2.174.341)</u>
Breyting á handbæru fé		302.512	(2.174.341)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>4.189.516</u>	<u>6.363.857</u>
Handbært fé í árslok.....		<u>4.492.028</u>	<u>4.189.516</u>

ÁRITUN ÓHÁÐS SKOÐUNARMANNS

Áritun óháðs skoðunarmanns.

Ég undirrituð skoðunarmaður Álklasans félagasamtaka, kt. 521015-0120 hef farið yfir reikninga félagsins fyrir árið 2017.

Ég hef fullvissað mig um að bankareikningur stemmir og skoðað fylgigögn með bókhaldi.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu félagsins
31.12.2017

G. Jóna Hilmarsdóttir

Guðveig Jóna Hilmarsdóttir

Viðurkenndur bókari

Kt. 190662-3229